



# Samtök íslenskra fiskimanna

**Nefndarsvið Alþingis**  
**b.t. Kristjana Benediktsdóttir**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík.**

**Reykjavík 20. apríl 2012.**

## **Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.**

Vísað er til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis þann 29. mars sl. til Samtaka íslenskra fiskimanna þar sem óskað er eftir umsögn um mál 657, laga um stjórn fiskveiða.

## **Almennt um frumvarpið.**

Það er eitt helsta stefnumál Samtaka íslenskra fiskimanna (SÍF) að lögum um stjórn fiskveiða verði breytt þannig að þau samræmist jafnræðisákvæði Stjórnarskrárinnar og mæti álitum mannréttindanefndar SP síðan 2007. Í ljósi þess að það hefur verið stefna núverandi ríkisstjórnar að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu þannig að ofangreind skilyrði séu uppfyllt, auk þess að liðkað verði fyrir nýliðun og að smábátaútgærd verði eflað hefur frumvarps þessa verið beðið með mikilli óþreyju.

Þrátt fyrir að fögur markmið séu sett fram í 1. gr. frumvarpsins er ómögulegt fyrir SÍF að styðja frumvarp þetta. Útilokað er að markmið laganna náist fram með þessum hætti. Þó má afar líklegt telja að markmiðum frumvarpsins yrði náð með því að skylda öll viðskipti með aflamark, án undantekninga, á kvótapiðing og láta það verð sem að myndast á kvótapiðing ákvarða það auðlindagjald sem útgerðir munu greiða fyrir úthlutaðar aflaheimildir. Með því næst jafnræði hvað greiðslu fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind áhærir og jafnframt tryggir það að rétt verð myndist á aflamarki, í stað þess fráleita jaðarverðs sem verið hefur. Einnig tryggir það að íslenska ríkið fái rétt verð fyrir þau fiskveiðiréttindi sem það úthlutar. Sú útfærsla að láta þorskígildi ráða hversu hátt gjald er greitt fyrir mismunandi tegundir getur aldrei gengið upp. Gjaldtakan verður aldrei rétt. Einnig væri afar æskilegt að heimfall yrði amk. 3% á allri aflahlutdeild árlega frekar en einungis á seldum hlutdeildum.

Deilur um stjórn fiskveiða hafa staði í 3 áratugi. Sátt um þessi mál er fjær í dag en nokkru sinni fyrr. Þess vegna skorar stjórn SÍF á Alþingi að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarfyrirkomulag fiskveiðistjórnunar: Þar sem að skýrir valkostir verði í boði; annars vegar úthlutun byggð á núverandi kerfi með pólitískt ákvörðuðu málamyndagjaldi og hins vegar kerfi, til dæmis uppboð aflaheimilda, þar sem að fulls jafnræðis gætir og ríkið fær rétt afgang fyrir þær veiðiheildir sem það veitir.



# Samtök íslenskra fiskimanna

Það eru sérstök vonbrigði að ekki skuli vera kveðið á um frjálsar handfæraveiðar í frumvarpi þessu; eins og þeir flokkar sem að nú mynda ríkisstjórn lofuðu fyrir síðustu kosningar. Það er með öllu óásættanlegt að fólki skuli ekki vera heimilað að stunda handfæraveiðar til þess að fæða og klæða sig og sína. Samtök íslenskra fiskimanna gera engar kröfur um kvóta fyrir sína félagsmenn: aðeins þess að jafnræðis- og atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar séu virt. Það er útilokað að frjálsar, en þó ekki ótakmarkaðar, handfæraveiðar ógni fiskistofnunum; það er óboðlegt að vegna of mikillar veiðigeetu togaraflotans séu handfæraveiðar takmarkaðar með þeim hætti sem að raunin er. Sé talið að afrakstursgeta togskipaflotans sé of mikil á að takmarka hana en ekki taka sjálfsagðan rétt til lífsbjargar af almenningi.

Það eru sérstök vonbrigði að nýliðun verður gerð erfiðari með þessu frumvarpi en verið hefur og ekki sé aukið við hlut strandveiðibáta. Með því að minnka byggðapotta og línuvildun verður nýliðun enn erfiðari en hún er í dag. Ljóst er að meirihluti þeirra heimilda sem að settar verða í flokk 2 munu fyrst og fremst nýtast þeim sem að fá úthlutað úr flokki 1. Flokkur 2 mun því að afar litlu leiti liðka fyrir nýliðun.

Það er álit SÍF að hlutina eiga að nefna réttu nafni. Þess vegna er það tillaga okkar að nafni þessara laga verði breytt. Í stað þess að kalla þau lög um stjórn fiskveiða verði þetta lög um skiptingu fiskveiðiauðlindarinnar umhverfis Ísland. Frumvarp það sem hér er til meðferðar fjallar ekki um stjórn fiskveiða, heldur hvernig úthluta skuli sameiginlegri auðlind þjóðarinnar til forréttindastéttar.

Þar sem frumvarp þetta er einstaklega illa unnið verður ekki gerð ítarleg umsögn um greinar frumvarpsins, það er varla ómaksins virði. Hins vegar verður stiklað á stóru og helstu gallar dregnir fram.

Það er fráleitt að frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og laga um auðlindagjald skuli sett fram sem tvö aðskilin mál. Þegar úthlutun gæða er bundinn því að greitt sé fyrir þau; eiga skyldur og réttindi að haldast í hendur. Í þessu tilfelli er verið að úthluta gæðum til 20 ára, burtséð frá því hvaða endurgjald kemur fyrir. Stjórnvöld verða skyldug til að láta þessi gæði af hendi hvort sem að greitt verði fyrir þau eður ei.

Ekkert í frumvarpinu kemur til móts við álit mannréttindanefndar SP síðan árið 2007.

Ekki er kveðið á um aðskilnað veiða og vinnslu. En slíkur aðskilnaður myndi án efa verða sjávarútveginum mikil lyftistöng á sama tíma og það tryggði sjómönnum rétt laun fyrir vinnu sína.

Þar að auki er með öllu óboðlegt að koma svona seint fram með þetta mál.



# Samtök íslenskra fiskimanna

## Um einstakar greinar:

### 8. Gr.

Eins og 8. grein er rituð getur ráðherra með reglugerð breytt hlutföllum í flokki 1 og flokki 2 hvenær sem hann vill.

### 9. Gr.

Óljóst er hvað stöðugt umhverfi þýðir í þessari grein. Hér er einnig talað um réttmæta hagsmuni þeirra sem að veiðarnar hófu. Sé litið til þess þáttar verður jafnframt að líta til þess hvort þær veiðar voru kostaðar með kvótaleigu. Slíkt hefur gerst áður; að útgerð leigi frá sér aflaheimildir til að fjármagna slíkar veiðar. Í þeim tilfellum hlýtur útgerðin að þurfa að láta frá sér þær aflaheimildir sem að fényttar voru með leigu, til þess að afla útgerðinni aflareynslu í öðrum stofni.

### 11. Gr

Þessa grein ætti að fella út í heilu lagi. Engin skynsemi er í því að skuldbinda stjórnvöld til þess að úthluta sömu aðilum aflaheimildum til 20 ára. Ríkissjóði er væntanlega sköpuð bótaskylda með þessu, fari svo að Alþingi ákveði að breyta þessum lögum. Ekki er hægt að sjá nokkuð sem að réttlætir þetta. Einnig er þessi grein afar ruglingsleg. Aflahlutdeild er úthlutaða á skip og skip getur ekki fengið nýtingarleyfi, heldur eigandi skipsins. Þó er skilyrt að aflahlutdeild þurfi að vera bundinn leyfinu. Hverskonar vitleysa er þetta?

Hvernig geta ríkið og leyfishafi skuldbundið sig til þess að viðhalda og varðveita leyfisbundna nytjastofna? Þetta þarfnast skýringar.

Úr því ekki má framselja nýtingarleyfið að hluta eða öllu lagi er augljóst að framsal aflahlutdeilda er óheimil. Það er forkastanlegt að leggja þetta frumvarp fram án þess að leyfið, eða hvað eigi að felast í leyfinu, fylgi með.

### 13. Gr.

Ætti að fella út í heild sinni. Hér er opnað á það að ráðherra geti keypt réttindi sem að þjóðin á. Þetta ákvæði kemur ekki á nokkurn hátt í veg fyrir að aflaheimildir færast á milli byggðalaga en skapar hættu á því að óheiðarlegur sjávarútvegsráðherra kaupir aflaheimildir fyrir almannafé án ástæðu. Ekki er tilgreint hvaðan ráðherra eigi að fá fé til að kaupa aflaheimildir.

### 15. Gr.

Vandalaust verður að komast framhjá viðskiptum á kvótapiangi sé áhugi á því. Til dæmis með því að útbúa pott með tegundum eins og sandkola, skrápflúru, grálúðu og fleiru sem að notað verður í svokölluðum jöfnum skiptum.

### 17. Gr.

Það er afar sérstakt að íslenska ríkið ætli að taka að sér að selja aflamark fyrir aðila sem það áður úthlutaði þeim á mun lægra verði. Þetta er framkvæmd sem að einfaldlega gengur ekki uppi í landi þar sem að jafnræði á að ríkja meðal þegnanna. Þess vegna er nauðsynlegt að það verð sem að myndist á kvótapiangi ákvarði auðlindagjaldið.

Getur nokkur heiðvirkur þingmaður samþykkt það að ríkið úthluti aflaheimild fyrir ákveðna lága upphæð og taki svo að sér að selja hana aftur fyrir þann sem að fékk henni úthlutað og skili viðkomandi mismuninum; sem vel getur verið margfalt það verð sem upphaflega var greitt?



# Samtök íslenskra fiskimanna

18. Gr.

Sagt er að heimilt verði að ráðstafa tilteknu magni aflaheimilda til nýrra nýtingarleyfa. Þetta tiltekna magn er hvergi tiltekið. Einnig er óljóst hvort þær aflahlutdeildir sem að úthlutað verður þannig verði þá áfram í flokki 2 eða færast yfir í flokk 1.

20. Gr.

Alltof lítið magn er ætlað til strandveiða. SÍF leggur til að þetta magn verði tífaldað. Einnig er gerð athugasemd við það að ráðherra eigi að ákvarða með reglugerð hlutfall þorsks og ufsa; heppilegra er að láta móður náttúru um að ákvarða þá skiptingu og kveða einungis á um heildar þorskígildi. Jafnframt vekjum við athygli á því að útgefnar krókaflaheimildir í ufsa hafa aldrei náðst og því er fáránlegt að ufsaveiðar skuli ekki vera frjálssar.

## Að lokum:

Háttvirtir þingmenn, nefndarmenn í atvinnuveganefnd, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Ólína Þorvarðardóttir eru minntar á hugmyndir sínar um frjálssar handfæraveiðar sex mánuði á ári.

Stjórn Samtaka íslenskra fiskimanna skorar á Alþingi að hafna þessu frumvarpi og undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíðarfyrirkomulag fiskveiðistjórnunar.

Virðingarfyllt  
f.h. S.Í.F.

---

Jón Gunnar Björgvinsson formaður.